

Fundur í fagráði nautgriparæktar 30. janúar 2014

Fundargerð

Fundurinn var haldinn í húsakynnum Landbúnaðarháskóla Íslands (Ásgarði) á Hvanneyri og hófst kl. 11.10.

Mættir: Guðný Helga Björnsdóttir, formaður, Þórarinn Leifsson, Sigurður Loftsson, Guðbjörg Jónsdóttir, Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, Ágúst Sigurðsson, Þorsteinn Ólafsson og Guðmundur Jóhannesson er ritaði fundargerð. Björn S. Gunnarsson, Baldur Helgi Benjamínsson og Þóroddur Sveinsson boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.
2. Kynbætur íslenskra mjólkurkúa
3. Kúaskoðanir
4. Ályktanir aðalfundar Landssambands kúabænda 2013
5. Nautakjötsverkefni Lbhí
6. Fagþing nautgriparæktarinnar
7. Önnur mál.

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar

Guðný Helga, formaður, setti fund og stýrði honum.

Fundargerð síðasta fundar, dags. 2. desember 2013, samþykkt án athugasemda.

2. Kynbætur íslenskra mjólkurkúa.

Guðný Helga reifaði málið sem væri m.a. tilkomið vegna hugmynda um innskot erfðaefnis í íslenska kúastofninn sem og hugmynda um breytingar á kvíguskoðun og útreikningi kynbótamats vegna þeirra breytinga.

Ágúst fór yfir kynbótamat, kynbótaframfarir, útreikninga erfðastuðla, erfðafylgni kynbótaeinkunna o.fl. Hann fór einnig yfir áhrif þess á kynbótaeinkunnir að hætta notkun „gamla“ dómskalans í kúaskoðun og nota einungis línulega matið. Hann sagði áhrif þess vera óveruleg og því væri það hans tillaga að nota einungis línulega matið og gögn úr gamla matinu sem viðbótargögn. Best væri að hans mati að nota gögn frá árinu 2000 og yngri, þau væru það mikil að umfangi samanborið við eldri gögn. Með því fengist sennilega besta og réttasta matið.

Guðný Helga vakti máls á ályktun aðalfundar Landssambands kúabænda 2012 varðandi innskot erfðaefnis í íslenska kúastofninn. Fagráði í nautgriparækt var í kjölfarið falið að vinna gátlista vegna hugsanlegs innskots. Gunnfríður fór yfir gátlistann sem er nokkurn veginntilbúinn. Þar eru m.a. nefndir nokkrir þættir sem vinna þarf í undirbúningi verkefnisins og má þar nefna samfélagslega þætti, verndaráætlun fyrir íslenska kúakynið og aukna skilvirkni í ræktunarstarfinu og skýrsluhaldinu.

Rætt um málið og m.a. hvort flytja megi inn og þá hvernig. Þorsteinn sagði áhættumat á innflutningi erfðaefnis í holdanautastofninn í vinnslu hjá Matvælastofnun.

Ágúst rifjaði upp að áætlun hefði verið gerð 2001 þegar til stóð að gera samanburðartilraun á íslenskum og norskum kúm. Þar hefði verið lögð töluverð vinna í að meta hve mikinn fjölda gripa þyrfti í marktækan samanburð og niðurstaðan sú að um 100 gripi þyrfti í heildina.

Sigurður sagði stjórnvöld aldrei hafa sett fram neinar kröfur né samið um við kúabændur að viðhalda erfðafræðilegum fjölbreytileika. Þar væri eingöngu að finna kröfur um minni stuðning, meiri hagræðingu og lækkun tollverndar. Hann sagði að pólitíska spurningin væri hvort auka ætti samkeppni og menn fengju til þess tæki í hendurnar eða hvort hér ætti að viðhalda stuðningi og vernda íslenska kúakynið sem okkar eina framleiðslukyn.

Þorsteinn tók undir þetta og sagði stjórnvöld verða að svara þessu. Inn í þetta blandaðist svo áhætta vegna búfjársjúkdóma.

Rætt um hvort þörf væri á verndar áætlun fyrir íslenska kúakynið sem svara þyrfti ýmsum grundvallarspurningum svo sem hversu stór sjálfbær kúastofn þyrfti að vera, hvað væri hreinn kúastofn o.s.frv.

Ágúst sagði Landbúnaðarháskólann geta tekið saman yfirlit um hvernig haga mætti innskoti erfðaefnis ef til kæmi.

Ágúst nefndi einnig erfðamarkauval (genomisk selection) og sagði reynslu af því vera að koma í ljós, einkum hvað varðar litla erfðahópa. Þarna væru miklir möguleikar fyrir okkur, tæknin væri að lækka í verði og ávinningur gæti orðið umtalsverður. Við ættum samt enn sem komið er að halda að okkur höndum og fylgjast með þróuninni sem væri á fleygiferð.

Ágúst vék af fundi að loknum þessum lið.

3. Kúaskoðanir.

Í framhaldi af erindi Ágústar og að tillögu hans var ákveðið að leggja niður notkun á „gamla“ dómskalanum. Miðað verður við að nota gögn frá árinu 2000 við vinnslu kynbótamats en önnur og eldri gögn verði notuð sem viðbótargögn. Þessari breytingu verði hrint í framkvæmd svo fljótt sem verða má en gera þarf ákveðnar breytingar í Huppu, útbúa nýtt kúaskoðunareyðublað o.s.frv.

Þá var minnt á ákvörðun fagráðs frá síðasta fundi þess efnis að kvígur undan heimanautum verði einungis dæmdar að ósk viðkomandi bænda og þá á þeirra kostnað. Þessi ákvörðun hefur nú fengið samþykki í stjórn Bændasamtakanna og kemur þegar til framkvæmdar.

4. Ályktanir aðalfundar Landssambands kúabænda 2013.

Þær ályktanir aðalfundar Landssambands kúabænda 2013 sem snúa að fagráði teknar til umfjöllunar.

„Aðalfundur Landssambands kúabænda, haldinn á Egilsstöðum 22.-23. mars 2013, skorar á fagrád í nautgriparækt að nýta allar leiðir til að auka framfarir í stofninum og efla kynbótastarfið með áherslu á eftirtalin atriði:

a) efla ráðgjöf um frjósemi

b) hraða gerð þörunarforrits í Huppu

c) athuga hvort taka beri fituprósentuna inn í kynbótamatið þar sem sala mjólkurvara á fitugrunni fer vaxandi

d) koma upplýsingum um hvaða ungnaut eru í notkun á einstökum svæðum hverju sinni inn á vefsíður á borð við naut.is og www.nautaskra.net

e) gera ætternisupplýsingar fyrir aðkeypta gripi aðgengilegar í Huppu

f) kanna kosti þess að nota gæðastýringargreiðslur til að auka þátttöku kúabænda í kynbótastarfinu

g) tryggja að öll sæðinganaut komist í notkun á öllum svæðum landsins"

Við umfjöllun á ofangreindri ályktun kom í ljós að ætternisupplýsingar fyrir aðkeypta gripi eru aðgengilegar í Huppu nú þegar. Þá á að vera tryggt að öll sæðinganaut fari í notkun á öllum svæðum landsins. Fagráð ákvað með hliðsjón af þessari ályktun að setja lágmark í kynbótamati fyrir fituhlutfall á go hjá nautsmæðrum og jafnframt að byggja val nautsmæðra á aðaleinkunn. Þá var ákveðið að skoða hvort hægt sé að gera áfyllingar í kúta frjótækna sýnilegri bændum, t.d. með tilkynningum inn á Huppu. Þá var ákveðið að skoða hvort ekki væri hægt að láta koma fram á beingreiðsluseðli ef skilyrði gæðastýringar séu ekki uppfyllt og bændur viti þá betur af því ef þeir eru að missa af þessum greiðslum. Það ætti að gera menn betur meðvitaða um þessar greiðslur.

„Aðalfundur Landssambands kúabænda, haldinn á Egilsstöðum 22.-23. mars 2013, beinir því til stjórnar LK að komið verði á fót hugmyndabanka um lokaverkefni frá Lbhí sem styrkhæf eru frá fagráði í nautgriparækt. Þannig gætu þeir sem það vilja sent inn tillögur að verkefnum, sem líkleg væru til að nýtast greininni með beinum hætti en Fagráð síðan valið úr þeim tillögum og sett inn í hugmyndabankann.“

Fagráð tekur undir ofangreind sjónarmið varðandi hugmyndabanka um lokaverkefni frá Lbhí. Ákveðið að Gunnfríður hafi umsjón með þessu verkefni.

„Aðalfundur Landssambands kúabænda, haldinn á Egilsstöðum 22.-23. mars 2013, skorar á Bændasamtök Íslands og fagráð í nautgriparækt að taka nú þegar upp nýjar og betri aðferðir við mat á geðslagi kúa. Lengi hefur verið viðurkennt að þær aðferðir sem notaðar eru í dag skila litlum árangri og ákveðnar hugmyndir um nýjar aðferðir við matið liggja fyrir. Allur dráttur á sjálfsögðum breytingum rýrir tiltrú manna á ræktunarstarfinu og skaðar búgreinina.“

Verið er að vinna í nýju mati fyrir skap kúa og er þar einkum um að ræða BS-verkefni Hafþórs Finnbogasonar sem miðar að því að prófa nýtt mat á þessum eiginleika. Þetta verkefni er styrkt af þróunarsjóði nautgriparæktarinnar og niðurstöðu að vænta á þessu ári.

5. . Nautakjötsverkefni Lbhí.

Fagráði hefur borist umsókn frá Landbúnaðarháskóla Íslands um rannsókn á hámarksvaxtargetu íslenskra nauta til kjötframleiðslu þar sem verkefnisstjóri er Þóroddur Sveinsson.

Sigurður, Guðný Helga og Þórarinn sögðu Landbúnaðarháskólann leggja litla fjármuni í verkefnið og styrkhlutfall þróunarsjóðs samkvæmt umsókn æði hátt.

Ákveðið að formaður ræði umsóknina við Landbúnaðarháskólann og hvort skólinn geti ekki gengið lengra í kostnaðarþátttöku.

6. Fagping nautgriparæktarinnar.

Farið yfir drög að dagskrá fagpings nautgriparæktarinnar sem verður haldið 27. mars n.k. í tengslum við aðalfund Landssambands kúabænda. Hnykk á þeirri ákvörðun fagráðs að verðlauna besta naut hvers árgangs á þessum vettvangi. Að þessu sinni er það Koli 06003 úr 2006 árgangi nauta.

7. Önnur mál.

Drög að reglugerð um aðbúnað nautgripa lögð fram til kynningar en Bændasamtökin hafa fengið hana til umsagnar og vilja hafa viðtækt samráð þar að lútandi. Fagráðsmenn sendi sínar athugasemdir annað hvort til Landssambands kúabænda eða Bændasamtaka Íslands.

Guðmundur fór yfir helstu niðurstöður skýrsluhaldsins 2013. Afurðir jukust um 15 kg eftir ársku og stóðu í 5.621 kg/ársku. Afurðahæsta búíð er á Brúsastöðum í Húnaþingi og afurðahæsta kýrin er Tígulstjarna 411 á Ytri-Skógum undir Eyjafjöllum með 12.112 kg.

Guðný Helga sagði frá því að fagráð í sauðfjárrækt væri komið með það verklag varðandi þróunarsjóð sauðfjárræktarinnar að t.d. afkvæmarannsóknir væru komnar með fast framlag árlega. Slíkt verklag ætti ekki við þróunarsjóð nautgriparæktarinnar þar sem umsóknir og verkefni væru annars eðlis.

Sigurður sagði aðstæður á mjólkurmarkaði væru erfiðar að því leyti að sala á fitugrunni væri gríðarleg. Áhyggjuefni væri að fituhlutfall í innleggsmjólk væri lækkandi. Ef svo héldi fram sem horfir þyrfti innlegg ársins að ná 127,5 milljónum lítra. Þess vegna hefði verið stofnaður aðgerðahópur sem væri með „puttann á púlsinum“. Sérstaklega væri mikilvægt að vanda til fóðrunar og þá einkum á tímabilinu þegar kýrnar fara á beit í vor.

Guðbjörg kom með þá hugmynd að senda mönnum gátlista með einföldum atriðum og hvernig rétt væri að bregðast við.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Guðný Helga Björnsdóttir

Guðmundur Jóhannesson

Þórarinn Leifsson

Sigurður Loftsson

Guðbjörg Jónsdóttir

Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir

Þorsteinn Ólafsson

Fylgiskjöl:

1. Fundargerð síðasta fundar, dags. 2. desember 2013.
2. Ályktun aðalfundar LK 2012 um ræktun íslenska kúastofnsins – gátlisti vegna áætlunar um innkot erfðæfnis.
3. Ályktanir aðalfundar Landssambands kúabænda 2013.
4. Hámarksvaxtargeta íslenskra nauta til kjötframleiðslu – rannsókn- eða verkáætlun frá Þóroddi Sveinssyni.
5. Drög að dagskrá Fagþings nautgriparæktarinnar 27. mars 2014.

6. Helstu niðurstöður skýrsluhalds nautgriparæktarinnar 2013.
7. Áherslupættir og rammaáætlun, skýrsla faghóps til landbúnaðarráðherra um samanburðarrannsókn á íslenskum og norskum (NRF) kúm frá 2001.